



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA



# Viðhorf íbúa á Vesturlandi til ferðamanna og ferðaþjónustu

Eyrún Jenný Bjarnadóttir

2018

© Rannsóknamiðstöð ferðamála 2018

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/ Norðurlóð, IS-600 Akureyri

Sími: (+354) 460-8930

Rafpóstur: [rmf@unak.is](mailto:rmf@unak.is)

Veffang: [www.rmfi.is](http://www.rmfi.is)

Titill: Viðhorf íbúa á Vesturlandi til ferðamanna og ferðaþjónustu

Höfundur: Eyrún Jenný Bjarnadóttir

Kápa: Ásprent-Stíll og Rannsóknamiðstöð ferðamála

Númer: RMF-S-06-2018

ISBN: 978-9935-437-67-9

ISSN: 1670-8857

Forsíðumynd: Hvalfjörður © Markaðsstofa Vesturlands. Ljósmynd: Kristín Jónsdóttir

Öll réttindi áskilin. Skýrsla þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

## VIÐHORF HEIMAMANNA TIL FERÐAMANNA OG FERÐAÞJÓNUSTU 2017 Á VESTURLANDI

Ferðamennska hefur áhrif á samfélag og samfélagið er ein af lykilstoðum sjálfbærrar ferðamennsku. Mikilvægt er að fylgjast með viðhorfum heimamanna gagnvart ferðaþjónustu og ferðamönnum með reglubundnum könnunum. Markmið þessarar könnunar var að kanna viðhorf landsmanna til ferðaþjónustu og ferðafólks á Íslandi haustið 2017. Einnig var kannað hvort einhverjar breytingar í viðhorfum landsmanna hafa átt sér stað frá síðustu könnun sem gerð var á landsvísu 2014. Í þessari samantekt er að finna svör íbúa á svæði Markaðsstofu Vesturlands við völdum spurningum úr könnuninni. Heildarskýrsla með niðurstöðum allrar könnunarinnar á landsvísu og samanburði milli landsvæða er væntanleg vorið 2018.

Rannsóknin er fjármögnuð af atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu. Gagnaöflun var í höndum Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri.

### Aðferðir og framkvæmd


Gerð var símakönnun meðal landsmanna í september – nóvember 2017. Tekið var 5.524 manna lagskipt úrtak af landinu öllu og var fjöldi svara var 2.370 (svarhlutfall var 43%). Á Vesturlandi voru 775 manns í úrtakinu og fjöldi svara var 326 (svarhlutfall 42%). Svör voru greind með þeirri tölfræði sem er viðeigandi fyrir hverja og eina spurningu og marktektarpróf gerð til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Fyrir utan greiningu á landsvísu voru niðurstöður könnunarinnar greindar eftir búsetu svarenda niður á sjö svæði sem samsvara starfssvæðum markaðsstofa landshlutanna. Gögnin voru greind með tilliti til nokkurra bakgrunnspátta. Þeir eru: kyn, aldur, menntun, búseta, lengd búsetu á viðkomandi svæði, staða á vinnumarkaði, hvort svarandi starfi við ferðaþjónustu og hvort hann geti hugsað sér að starfa við hana. Í samantektinni er það sérstaklega tekið fram ef sá munur sem fannst á svörum reyndist marktækur með tilliti til þessara bakgrunnspátta.

### Úrtak og bakgrunnur svarenda á Vesturlandi

Vesturland		Fjöldi	Hlutfall
	Úrtak	775	
	Fjöldi svara	326	42%
Kyn	Karlar	175	54%
	Konur	150	46%
Aldur	18-29	37	11%
	30-44	90	28%
	45-59	98	30%
	60+	100	31%
Menntun	Grunnskólanám eða minna	79	24%
	Stúdentsprófeða iðnnám	113	35%
	Annað starfsnám	35	11%
	Háskólapróf	98	30%
Lengd búsetu á Vesturlandi	5 ár eða skemur	49	15%
	6-10 ár	27	8%
	11-20 ár	53	16%
	21-30 ár	45	14%
	Lengur en 30 ár	152	47%
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	177	54%
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	65	20%
	Í námi	11	3%
	Áeftirlaunum	47	15%
	Annað	26	8%
Starfar þú við ferðaþjónustu?	Já	55	17%
	Nei	271	83%
Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðaþjónustu?	Já	147	45%
	Nei	118	36%




## VIÐHORF ÍBÚA Á VESTURLANDI TIL FJÖLDA FERÐAMANNA



## OF FÁIR EÐA HÆFILEGA MARGIR FERÐAMENN Á SUMRIN

Íbúar á Vesturlandi skera sig nokkuð frá landsmeðaltalinu en tæplega fjórðungur íbúa á Vesturlandi taldi ferðamenn á svæðinu vera heldur fáa eða of fáa. Rétt rúmlega helmingur íbúa taldi þó ferðamenn vera hæfilega marga á sumrin. Munur á svörum íbúa á Vesturlandi samanborið við landið allt reyndist marktækur.

Karlar á Vesturlandi voru frekar en konur þeirrar skoðunar að finnast heldur eða allt of fáir ferðamenn vera á svæðinu. Þeir sem störfuðu í ferðaþjónustu töldu helst að fjöldi ferðamanna væri hæfilegur. Þeir sem störfuðu í öðrum atvinnugreinum en ferðaþjónustu og þeir sem ekki gátu hugsað sér að starfa í ferðaþjónustu voru frekar en aðrir hópar á því að fjöldi ferðamanna væri of mikill.



## OF FÁIR FERÐAMENN Á VETURNA

Rétt um helmingur íbúa (49%) taldi ferðamenn vera heldur eða allt of fáa á veturna og aðeins færri eða 43% svarenda töldu ferðamenn yfir vetrartímann hæfilega marga á Vesturlandi. Marktækur munur var á svörum íbúa á Vesturlandi samanborið við landið allt.

Þeir sem störfuðu í ferðaþjónustu á Vesturlandi töldu frekar en aðrir hópar að fjöldinn væri of lítill. Konur og þeir sem störfuðu í öðrum atvinnugreinum en ferðaþjónustu voru frekar þeirrar skoðunar að fjöldi ferðamanna væri hæfilegur á veturna.



## VIÐHORF TIL FJÖLDA FERÐAMANNA SUMAR OG VETUR 2017 – ALLIR LANDSHLUTAR

Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á sumrin?

	Allt of mikill (5)	Heldur of mikill (4)	Hæfilegur (3)	Heldur of lítill (2)	Allt of lítill (1)	Fjöldi	Meðaltal
Landsmenn 2017	8,0%	18,7%	60,7%	10,5%	2,2%	2336	3,2
Austurland	5,7%	18,4%	56,5%	16,9%	2,5%	349	3,1
Höfuðborgarsvæðið	10,3%	18,9%	66,5%	3,3%	1,0%	367	3,3
Norðurland	4,3%	19,3%	67,4%	7,6%	1,4%	363	3,2
Suðurland	11,8%	30,0%	52,0%	5,6%	0,6%	350	3,5
Reykjanes	4,6%	15,1%	69,1%	9,4%	1,8%	285	3,1
Vestfirðir	9,9%	13,1%	59,4%	14,2%	3,3%	305	3,1
<b>Vesturland</b>	<b>8,8%</b>	<b>14,0%</b>	<b>54,2%</b>	<b>17,7%</b>	<b>5,3%</b>	<b>317</b>	<b>3,0</b>

### HÖFUÐBORGARSVÆÐI OG SUÐURLAND FINNA MEST FYRIR FJÖLDA FERÐAMANNA

Að mati flestra landsmanna er fjöldi ferðamanna hæfilegur á sumrin. Innan við fjórðungur íbúa allra landshluta nema Höfuðborgarsvæðis og Suðurlands er þeirrar skoðunar að fjöldinn sé of mikill. Höfuðborgarsvæði og Suðurland skera sig frá öðrum svæðum þar sem marktækt fleiri töldu fjölda ferðamanna á sumrin vera heldur eða allt of mikinn.

Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á veturna?


	Allt of mikill (5)	Heldur of mikill (4)	Hæfilegur (3)	Heldur of lítill (2)	Allt of lítill (1)	Fjöldi	Meðaltal
Landsmenn 2017	2,3%	4,4%	49,3%	29,5%	14,5%	2299	2,5
Austurland	2,0%	4,0%	37,3%	34,7%	22,0%	344	2,3
Höfuðborgarsvæðið	3,4%	5,4%	70,1%	18,3%	2,8%	354	2,9
Norðurland	0,5%	1,8%	44,8%	38,8%	14,1%	359	2,4
Suðurland	4,7%	8,0%	66,4%	15,1%	5,9%	343	2,9
Reykjanes	0,7%	6,1%	55,7%	28,0%	9,5%	282	2,6
Vestfirðir	1,6%	0,7%	24,5%	42,3%	30,9%	301	2,0
<b>Vesturland</b>	<b>2,9%</b>	<b>4,8%</b>	<b>42,6%</b>	<b>31,4%</b>	<b>18,3%</b>	<b>316</b>	<b>2,4</b>

### FÁIR FERÐAMENN Á VESTFJÖRÐUM OG AUSTURLANDI Á VETURNA

Landsmenn skiptast í tvær fylkingar um fjölda ferðamanna að vetri; þá sem telja fjöldann hæfilegan og þá sem telja fjöldann of lítinn. Viðhorfið er misjafnt eftir svæðum. Íbúar á Höfuðborgarsvæði, Suðurlandi og á Reykjanesi töldu frekar að ferðamenn væru hæfilega margir en á Vestfjörðum og Austurlandi fannst íbúum ferðamenn vera of fáir á veturna. Afar fáir töldu fjölda ferðamanna vera of mikinn á veturna.



## ÁHRIF Á DAGLEGT LÍF HEIMAMANNA



### Hversu oft verður þú var/vör við ferðamenn í þinni heimabyggð?

	Nánast daglega	1-3 sinnum í viku	1-3 sinnum í mánuði	Sjaldnar en einu sinni í mánuði	Fjöldi
Landsmenn 2017	78,3%	16,0%	3,5%	2,2%	2363
Austurland	82,7%	14,2%	2,0%	1,1%	354
Höfuðborgarsvæði	61,1%	21,3%	8,8%	8,7%	375
Norðurland	83,2%	15,1%	1,1%	0,5%	366
Suðurland	88,6%	8,6%	2,3%	0,6%	352
Reykjanes	84,8%	11,4%	2,8%	1,0%	287
Vestfirðir	80,2%	18,1%	1,3%	0,4%	305
<b>Vesturland</b>	<b>69,0%</b>	<b>22,9%</b>	<b>5,9%</b>	<b>2,2%</b>	<b>324</b>
Starfar við ferðapjónustu	86,1%	9,0%	3,1%	1,8%	446
Starfar ekki í ferðapjónustu	76,4%	17,6%	3,6%	2,3%	1914

### VERÐA SJALDNAR VARIR VIÐ FERÐAMENN


Á Vesturlandi urðu sjö af hverjum tíu íbúum nánast daglega varir við ferðamenn. Höfuðborgarsvæði og Vesturland skera sig úr fyrir þær sakir að hlutfallslega urðu færri íbúar þar en á öðrum svæðum daglega varir við ferðamenn. Þrátt fyrir að flestir hafi orðið nær daglega varir við ferðamenn töldu langflestir landsmenn sig ekki verða fyrir meira ónæði en áður vegna ferðamanna. Þeir landsmenn sem töldu sig finna fyrir meira ónæði voru hins vegar marktækt líklegri en aðrir hópar til að telja ferðamenn draga verulega úr lífsgæðum sínum.

Á Vesturlandi fann aðeins fjórðungur íbúa fyrir auknu ónæði í daglega lífinu vegna ferðamanna. Eftirlaunaþegar og þeir sem gátu hugsað sér að starfa í ferðapjónustu fundu minnst allra fyrir ónæði af völdum ferðamanna. Lítil munur var á svörum þessara hópa en hann reyndist engu að síður marktækur.

Um helmingur íbúa á Vesturlandi taldi sig vera hræddari við að keyra úti á þjóðvegum vegna aukinnar umferðar ferðamanna. Munur á svörum þeirra samanborið við landsmenn reyndist ekki marktækur. Ásamt íbúum Austurlands eru Sunnlendingar mun líklegri en aðrir landsmenn til þess að vera hræddari nú en áður við akstur á vegum landsins.



## ÁHRIF Á SAMFÉLAG HEIMAMANNA



### ÁHRIF FERÐAMENNSKU ALMENNT JÁKVÆÐ

Í könnuninni voru heimamenn beðnir um að taka afstöðu til nokkurra fullyrðinga um áhrif ferðamanna og ferðaþjónustu á samfélag heimamanna með því að meta hversu sammála eða ósammála þeir væru þeim. Á myndinni til hliðar má sjá svör þeirra sem voru sammála fullyrðingunum. Niðurstöðurnar benda til þess að almennt telji íbúar á Vesturlandi ferðamennsku og ferðaþjónustu hafa jákvæð áhrif á samfélagið. Almennt var ekki mikill munur á svörum íbúa á Vesturlandi samanborið við svör af öllu landinu. Þó er greinilegt að íbúar á Vesturlandi telja síður en landsmenn allir að ferðamenn hafi breytt íslensku samfélagi til hins betra.

Þótt íbúar á Vesturlandi hafi almennt verið jákvæðir lá helsti munur á svörum mismunandi hópa innan svæðisins milli þeirra sem störfuðu/störfuðu ekki í ferðaþjónustu og þeirra sem gátu hugsað sér/gátu ekki hugsað sér að starfa í ferðaþjónustu. Þeir sem störfuðu í ferðaþjónustu og þeir sem gátu hugsað sér að starfa í ferðaþjónustu voru líklegri en hinir til að vera jákvæðir gagnvart áhrifum á samfélagið.




## ÁHRIF Á EFNAHAG, ÞJÓNUSTU OG VERSLUN


### EKKI EINS SANNFÆRÐIR UM EFNAHAGSLEGT MIKILVÆGI

Þrátt fyrir að langflestir, eða átta af hverjum tíu íbúum á Vesturlandi, telji ferðaþjónustuna vera efnahagslega mikilvæga fyrir heimabyggðina sker Vesturland sig frá öðrum landssvæðum fyrir þær sakir að þar voru marktækt færri íbúar þessarar skoðunar. Þeir íbúar á Vesturlandi sem störfuðu við ferðaþjónustu, þeir sem gátu hugsað sér að starfa við ferðaþjónustu og háskólamenntaðir voru marktækt líklegri en aðrir til að telja ferðaþjónustu verða mikilvæga undirstöðu fyrir íslenskt efnahagslíf næstu áratuginna.

### Ferðaþjónusta er efnahagslega mikilvæg



### Hlutfall svarenda sem voru sammála fullyrðingu



### VERSLUN OG ÞJÓNUSTA EFLIST


Langflestir íbúar á Vesturlandi töldu ferðamenn efla verslun í heimabyggð án þess að ferðamenn takmarki aðgengi annarra að þjónustu. Vesturland og Vestfirðir skáru sig frá öðrum svæðum þar sem þar voru marktækt færri þeirrar skoðunar að ferðamenn efla verslun í heimabyggð.

Rúmlega helmingur íbúa á Vesturlandi taldi ferðaþjónustu hafa leitt til fjölbreyttari þjónustu sem þeir hefðu nýtt sér og er það á pari við landsmenn almennt.





## MAT HEIMAMANNA Á ÁSTANDI INNVIÐA



## ÁHYGGJUR AF ALMENNINGSALERNUM

Margt var líkt með mati íbúa á Vesturlandi og landsmanna allra á ástandi innviða. Á Vesturlandi, eins og á flestum öðrum svæðum, höfðu íbúarnir mestar áhyggjur af almenningssalernum. Sjö af hverjum tíu taldi ástand almenningssalerna frekar eða mjög slæmt. Að mati íbúa á Vesturlandi var ástandið best á göngustígum og gönguleiðum og á bílastæðum en aðeins um fjórðungur íbúa taldi vegakerfið vera í góðu ástandi.

HVADA AÐRIR INNVIÐIR ÞARFNAST ÚRBÓTA?  
SVÖR ÍBÚA Á VESTURLANDI VIÐ OPINNI SPURNINGU

- Bæta vegamerkingar
- Bæta við almenningssalernum
- Það vantar merkingar fyrir litlu húsbíla, taka á þessu til þess að þeir fari á tjaldsvæðin
- Bæta framboð á gistingu
- Byrja að rukka fyrir það að skoða hluti og staði
- Bæta heilbrigðismál, of mikið vesen á ferðamönnum á spítölum
- Bæta tjaldsvæðin










## VIÐHORF TIL GJALDHEIMTU FYRIRTÆKJA OG OPINBERRA AÐILA



## GJALDHEIMTA HINS OPINBERA LITIN JÁKVÆÐUM AUGUM

## EN EKKI VERÐLAGNING FERÐAÞJÓNUSTUFYRIRTÆKJA

Flestir landsmenn töldu gjaldheimtu af hálfu hins opinbera vegna ferða ferðamanna og ferðaþjónustufyrirtækja á friðuðum eða friðlýstum svæðum vera mikilvæga. Munur á svörum íbúa á Vesturlandi samanborið við svör íbúa annarra landshluta nema Austurlands reyndist ekki marktækur.

Meirihluti íbúa á Vesturlandi, eða rúm 70%, telur ekki að íslensk ferðaþjónustufyrirtæki innheimti sanngjarnt gjald fyrir þjónustu sína. Þeir sem störfuðu við ferðaþjónustu voru aðeins líklegri en aðrir til að telja innheimtuna sanngjarna. Lítil munur var á svörum milli þessara hópa en hann reyndist engu að síður marktækur

## SAMANTEKT: JÁKVÆÐ ÁHRIF Á SAMFÉLAG HEIMAMANNA Á VESTURLANDI

Áhrif ferðamennsku og ferðaþjónustu á Vesturlandi eru almennt jákvæð að mati heimamanna á svæðinu en þeir sem starfa við ferðaþjónustu og geta hugsað sér starf í ferðaþjónustu eru jákvæðasti hópurinn gagnvart ferðaþjónustu. Íbúar á Vesturlandi verða sjaldnar en margir aðrir landsmenn varir við ferðamenn í sinni heimabyggð og virðist fjöldi ferðamanna á svæðinu ekki vera íbúunum til mikils trafala. Um fjórðungur íbúanna kveðst þó finna fyrir auknu ónæði í daglega lífinu vegna ferðamanna á svæðinu. Almennt telja íbúar á Vesturlandi ferðaþjónustuna vera tekjueflandi atvinnugrein og að í henni felist margvísleg tækifæri til atvinnusköpunar og nýbreytni. Ýmiss konar uppbygging og bætt aðgengi að náttúru og sögulegum minjum á borð við Akranesvita hefur jákvæða þýðingu fyrir íbúana einkum í samfélags- og umhverfislegu tilliti. Þá auki ferðaþjónustan fjölbreytni í mannlífi og þjónustu á svæðinu vegna fjöldans sem heimamenn njóta almennt góðs af. Aftur á móti virðast íbúar á Vesturlandi síður finna fyrir því en aðrir landsmenn að ferðamenn efla verslun á svæðinu. Helstu áhyggjur heimamanna snúa að tilteknum innviðum, einkum salernisaðstöðu og þeim finnst almennt að umgengni og virðing ferðamanna gagnvart náttúrunni þurfi að vera betri.





RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA

Mars 2018